

Menningar- og æskulýðsnefnd

Samskipti vegna byggðahátíðar 2020

Sæll, Skafti.

Nefndin er einmitt að velta þessu fyrir sér eins og komið hefur fram í í svörum við pósti sem ég sendi fyrir í vikunni og póstinum sem ég sendi fyrir í dag.

Þess vegna spyr nefndin hvort sveitarstjórn þurfi eitthvað formlegt frá nefndinni svo hægt sé að taka þetta upp á sveitarstjórnarfundi eða hvort nefndin taki þessa ákvörðun án aðkomu sveitarstjórnar.

Með bestu kveðju,

Anna.

lau., 11. apr. 2020 kl. 17:52 skrifaði Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>:

Við þurfum að endurskoða hvernig við og hvort við höfum einhvers konar sveitahátíð. Mér finnst hugmynd Hrannar athygliverð.

Kveððja

Skafti

From: Menningar-og æskulýðsnefnd Skeiða- og Gnúp. <mennogaesk@gmail.com>

Sent: laugardagur, 11. apríl 2020 16:47

To: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>; Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>

Subject: Fyrirspurn frá nefnd

Ég sendi fyrirspurn fyrir hönd menningar- og æskulýðsnefndar vegna óvissuástands vegna Covid og ákvörðun um frestun á fyrirhugaðri sveitahátíð eða vinna að annarri útfærslu.

Við erum að velta fyrir okkur hvort sveitarstjórn vill taka málið formlega fyrir eða hvort nefndin geti tekið þessa ákvörðun án aðkomu sveitarstjórnar.

Ef sveitarstjórn tæki málið fyrir ætti þá nefndin að senda formlega fyrirspurn til sveitarstjórnar?

F.h. mennogæsk.

Anna.

Heil og sæl

Þessu hef ég einmitt mikið velt fyrir mér síðustu daga. Ég er reyndar svo mikið bjartsýnismanneskja að upplagi að ég hef hingað til hugsað með mér að það væri nú ráð að halda áfram með skipulagningu, svona upp að því marki sem hægt er þegar óvissa er um framhaldið. Hinsvegar í dag fór ég að hugsa þetta öðruvísi... hvort við ættum ekki bara að aflýsa Upp í sveit - í þeirri mynd sem hátíðin átti að vera, og taka bara U-beygju í skipulaginu? Hvernig væri að skipuleggja frekar bara "covid19" væna fjölskylduhátíð sem miðar að því að fá fólk út að gera eitthvað skemmtilegt og njóta sumarsins (sem verður augljóslega komið þá) en fer kanski fram með meiri fjarlægð og meira rafrænu?

Er svosem ekki komin með mjög margar hugmyndir á blað, en datt í hug að ratleikurinn í símunum gæti verið miðpunkturinn í þessu, gætum haft hann stærri og viðameiri, einhverjar þrautir inni í honum, miða hann við fjölskyldur/lið og láta hann lifa yfir nokkra daga, jafnvel alla vikuna? Búa til sér síðu fyrir leikinn og safna þar inn þrautum/rafrænu efni frá þátttakendum. Þannig að ratleikurinn feli í sér að fólk þurfi að ferðast um sveitarfélagið en kanski aðallega utandyra og á svæðum þar sem auðvelt er að halda fjarlægð. Á hverjum stað er svo einhver þraut - segja sögu sem tengist staðnum og láta fólk giska hvort hún er sönn eða ekki... syngja lag, semja vísu, gera mennskan pýramída, reisa horgemling, fæða björn og svo framvegis....finna og tilnefna einkennisjurt sveitarfélagsins.. bara allskonar og vera með veglega vinninga fyrir vinningsliðið. Svo eigum við kanski inni bara einfalt grillkvöld síðar í sumar með trúbador og næsheitum þegar Víðir segir að við megum!!

Allavega held ég að það verði ekkert rosaleg stemning að fara að plana hátíð sem verður kanski haldin einhverntíman, og einnig held ég að það verði lítil tími í sumar til að fara þá að skipuleggja hátíðarhöld - verið einhver fundarhöld á annað borð leyfð þá langar fólk væntanlega að nýta þau tækifæri í uppsafnað "djammm"?

kv. Hrönn

-----Original Message-----

Frá: "Astradur Unnar" <astradius1@gmail.com>

Til: "Menningar-og æskulýðsnefnd Skeiða- og Gnúp." <mennogaesk@gmail.com>

Cc: "Haraldur Guðmundsson" <halliivar@gmail.com>, "Hrönn Jónsdóttir" <hronn@vesturland.is>,

"Kristófer Tómasson" <kristofer@skeidgnup.is>, "Lára Bergljót Jónsdóttir" <lbj@blaskogaskoli.is>,

"Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps" <oddviti@skeidgnup.is>, annakrasm@gmail.com

Dagsetning: 07-04-2020 22:38

Viðfangsefni: Re: Ákvörðun sem þarf að taka.

Er ekki of ennþá of snemmt að segja til um það?

Það eru allir viðburðarhaldarar að fylgjast með þessu en þeir stóru viðburðir í kringum okkur hafa ekki breytt plönunum sínum hingað til.

Stefnir allt í að skýrar línur með sumarhátíðir komi fram á þessum vikum.

Mbk

Ástráður

On Tue, 7 Apr 2020 at 22:25, Menningar-og æskulýðsnefnd Skeiða- og Gnúp.
<mennogaesk@gmail.com> wrote:

Komið þið sæl, aðal- og varafulltrúar í menningar- og æskulýðsnefnd (ekki búið að skipa fulltrúa í stað Elvars), sveitarstjóri og oddviti.

Mig langar að við veltum því fyrir okkur í fullri alvöru að gefa út tilkynningu í næsta fréttabréfi að sveitahátíðin verði ekki haldin í júní eins og til stóð og að skoðað verði hvort hún verði haldin síðar í sumar eða ekki, þetta sumarið.

Miðað við hvernig sóttvarnalæknir talar þá er nú þegar farið að velta því fyrir sér að þjóðhátíðardagurinn verði ekki haldinn hátíðlegur á landinu öllu. Og þá ekki bæjarhátíðir af neinu tagi.

Skilafrestur í fréttabréfið er á morgun.

Vil gjarnan fá álit ykkar allra.

Bestu kveðjur úr Stóru-Mástungu.

Anna.